



Reykjavík, 14. nóvember 2025

MIR25100010

ERINDISBRÉF Starfshópur um Austurheiðar

Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri MÍR

Inngangur:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 14.nóvember 2025 var samþykkt svohljóðandi tillaga meirihluta Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna:

Menningar- og íþróttasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar komi á samstarfi um mótun framtíðarsýnar og gerð fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar fyrir útivistarsvæðin á Hólmsheiði og við vötnin Rauðavatn, Reynisvatn og Langavatn. Markmiðið er að efla aðgengi, þjónustu og innviði á svæðunum með hliðsjón af fjölbreyttum hópum sem nýta þau til heilsubætandi útivistar og afþreyingar allt árið um kring. Tryggja þarf að uppbygging sé í samræmi við rammaáætlun svæðisins.

Helstu verkefni

Greina þarfir útivistarhópa sem sækja svæðin, þar á meðal:

- Göngufólk og hlaupafólk
- Hjólreiðafólk
- Hundaeigendur og hestafólk
- Skíðafólk og skautaiðkendur

Meta nauðsynlegar framkvæmdir og innviði og greina tækifæri m.a. vegna:

- Göngu- og hjólastíga og teninga við stofnstíga borgarinnar
- Merkinga á svæðinu og bílastæða
- Áframhaldandi skógræktar og uppgræðslu og tengingu við Græna trefilinn
- Veitingaaðstöðu og þjónustu
- Áningastaða og salernisaðstöðu
- Útleiga á búnaði og tækjum til útivistar
- Önnur þjónusta / starfsemi

Kanna möguleika á samstarfi/ tækifærum við hagaðila, svo sem:

- Íþróttafélög og útivistarsamtök
- Ferðaþjónustuaðila og rekstraraðila

Tryggja tengingu við stefnur borgarinnar, sérstaklega:

- Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar
- Íþróttastefnu til ársins 2030
- Hjólreiðaáætlun til ársins 2030



Reykjavík

**Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:**

Atli Steinn Árnason skrifstofustjóri útilífsborgarinnar MÍR
Hafsteinn Hrafn Grétarsson deildarstjóri miðstöð útivistar og útináms MÍR
Þórólfur Jónsson deildarstjóri deild náttúru og garða USK
Marta María Jónsdóttir verkefnisstjóri deild gatna og opinna svæða USK
Drífa Árnadóttir verkefnisstjóri deild skipulagsmála USK

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Anna Kristín Bang Pétursdóttir verkefnisstjóri miðstöð útivistar og útináms MÍR

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2026

Steinþór Einarsson,
sviðsstjóri MÍR



Reykjavík